

## Skýrsla Snjóbrettanefndar 2019

Á Skíðapingi 2017 var kosin ný stjórn til tveggja ára. Hana skipuðu:

- Friðbjörn Benediktsson (Formaður, skipaður úr stjórn SKÍ)
- Kristján Kristjánsson
- Arnfríður Arnardóttir
- Birgir Tómasson
- Jón Teitur Sigmundsson (hætti haustið 2018)

### Tímabilið 2017/2018

Nokkrir símafundir voru haldnir og var farið yfir hvernig mótahaldi skyldi háttað. Ákveðið var að halda tvö bikarmót og FIS mót, annað í Oddsskarði og hitt á Akureyri. SBÍ var haldið var á Bláfjöllum í mars og var það í fyrsta sinn sem keppt var á snjóbrettum sér á Snjóbrettamóti Íslands. Snjóbrettaiðkendur tóku einnig þátt í Andrésar Andarleikunum. Þar voru rétt um 110 iðkendur skráðir til leiks og komu þeir frá; SKA, Breiðablik, Fjarðabyggð, Siglufirði, Ísafirði, Dalvík, BFH og Tindastóli en það var í sjötta sinn sem keppt var á snjóbrettum á þeim leikum.

Einar Stefánsson var ráðinn sem landsliðsþjálfari og var hans hlutverk að sjá um þjálfun og skipuleggja æfinga- og keppnisferðir. Nefndin setti á stofn í fyrsta sinn A og B landslið. Afrekshópar voru hjá drengjum á snjóbrettum. Tveir drengir voru valdir í A landslið Birkir Georgsson og Marinó Kristjánsson. Tveir voru svo valdir í B landslið Benedikt Friðbjörnsson og Baldur Vilhelmsson.

Afrekshópur drengja, Aron Snorri Davíðsson, Egill Gunnar Kristjánsson, Tómas Orri Árnason, Bjarki Arnarsson og Kolbeinn Þor Finnsson.

### Tímabilið 2018/2019

Nokkrir fundir voru haldnir og nokkrir símafundir og var farið yfir hvernig mótahaldi skyldi háttað. Ákveðið var að halda tvö FIS mót, annað sem Snjóbrettamót Íslands og hitt í Bláfjöllum. Bikarmótið í Bláfjöllum féll niður vegna snjóleysis. SBÍ var haldið á Akureyri í mars. Bikarmót var haldið í Oddsskarði. Snjóbrettaiðkendur tóku einnig þátt í Andrésar Andarleikunum og var það í sjöunda skiptið.

Annað árið í röð var valið A og B landslið. Tveir drengir voru valdir í A landslið Baldur Vilhelmsson og Marinó Kristjánsson. Fjórir voru svo valdir í B landslið Benedikt Friðbjörnsson, Egill Gunnar Kristjánsson, Tómas Orri Árnason og Aron Snorri Davíðsson.

Í fyrsta skiptið var valið afrekshóp stúlkna. Vildís Edwinsdóttir og Mónica Rós Martin Afrekshópur drengja, Bjarki Arnarsson, Kolbeinn Þor Finnsson, Birkir Þór Arason, Borgþór Ómar Jóhannsson, Ástvaldur Ari Guðmundsson.

Öll lið fóru í eina æfingaferð í Október. A og B landslið fóru svo í Evrópubikar til Hollands í skíðahús í nóvember Þar sem Baldur landaði 5 sæti og Marinó 13. sæti.

Æfinga og keppnisferð í janúar fyrir afrekshópana og þá úr landsliði sem höfðu aldur til að keppa á WRT. Þar var tekið þátt á WRT móti á Ítalíu. Benedikt náði 2. sæti í sínum flokk og Baldur 12 sæti.

Evrópubikar í Frakklandi. Baldur Vilhelmsson náði 9. sætinu í Big Air keppninni. Fóru svo fimm stigahæstu strákarnir á WRT final í Austurríki þar sem Baldur náði öðru sæti í U16 og 16.sæti í heildina. Einar Sigurðsson var áfram landsliðsþjálfari á tímabilinu og var með aðstoðarþjálfara í flestum ferðum.

Farið var með ÍSÍ á Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) þar sem fjórir keppendur tóku þátt í Big Air og Brettastíll. Baldur Vilhelmsson, Birkir Þór Arason, Bjarki Arnarsson, Kolbeinn Þór Finnsson. Lokaniðurstaðan hjá drengjunum í Big Air varð sú að Baldur hafnaði í 4. sæti, Bjarki Arnarsson 29.sæti, Birkir Þór Arason 30.sæti, Kolbeinn Þór Finnsson 43.sæti.

Lokaniðurstaðan hjá drengjunum í brekkustíll varð sú að Baldur hafnaði í 10. sæti, Bjarki Arnarsson 28.sæti, Kolbeinn Þór Finnsson 30.sæti, Birkir Þór Arason 31.sæti. Þetta var annað skipti sem snjóbrettakeppendur taka þátt í Ólympísku verkefni á vegum ÍSÍ.

Í fyrsta skiptið tóku við þátt í Heimsmeistaramóti unglunga, sem að þessu sinni var haldi í Svíþjóð. Tvær stúlkur og sex drengir tóku þátt. Brekkustíll, Vildís Edvinsdóttir 35. Anna Kamilla Hlynsdóttir 44. Piltar: Baldur Vilhelmsson 34. Birkir Þór Arason 57. Tómas Orri Árnason 61, aðrir náðu sér ekki á strik.

Risa Stökk ( Big Air ) Benedikt ná 2. sæti inn í final í sínum riðli með 79.33 stig. Sem gaf honum 8 sæti í heildina eftir undanúrslitin. Í úrslitum náði hann sér ekki á strik og endaði í 20. sæti af 94 keppendum 18 ára og yngri.

Dómaranámskeið var haldið í nóvember og mættu á það um 10 manns.

Í upphafi árs voru gefin út lágörk vegna val í landslið fyrir veturinn 2019/2020. Sett voru lágörk fyrir A landslið ásamt afrekshóp á snjóbrettum út frá árangri í Slope Style og Big Air. Eins og staðan er í dag eru sex búnir að ná lágörkum í Landslið.

Snjóbrettanefnd þakkar þeim sem komu að starfi nefndarinnar og lögðu hönd á plóg. Einnig er rétt að þakka styrktaraðilum SKÍ fyrir þeirra framlög.

F.h. snjóbrettanefndar  
Friðbjörn Benediktsson